

Viðmiðunartekjur sem notaðar eru við útreikning á lífeyri og tengdum bóta eru skattskyldar tekjur svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur, en þó eru á því undantekningar. Þær tekjur, sem ekki eru teknar með eru lífeyrir og tengdar bætur frá Tryggingastofnun, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og úttekt á séreignarlífeyrissparnaði.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** eða bráðabirgðaútreikning á **tryggur.is** til að skoða áhrif tekna á greiðslur. Mælt er fyrir um tekjutengingar lífeyris í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Heimildir til frádráttar frá ákveðnum tegundum tekna við útreikning viðmiðunartekna er mismunandi eftir bótaflokkum sbr. töflu 1.

Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning*1

Taflan sýnir frítekjumörk árstekna	Ellilífeyrisþegar		Örorku- og endurhæfingar- lífeyrisþegar	
	Lífeyrir	Tekjutrygging heimilisuppbót	Lífeyrir	Tekjutrygging heimilisuppbót
Atvinnutekjur	0	480.000	0	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	0	120.000	0	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, söluhagnaður og leigutekjur	98.640	98.640	98.640	98.640

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda tekjutryggingu, heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Þegar búið er að reikna út viðmiðunartekjur eru þær notaðar til að ákvarða upphæðir bóta sbr. töflu 2.

Tafla 2. Helstu upphæðir sem miðað er við við útreikning lífeyris og tengdra bóta

Réttindi	Mán.gr.	Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
		kr.	ár	mán.	ár
Ellilífeyrir					
Ellilífeyrir /grunnlífeyrir	29.294	2.575.220	214.602	3.981.332	331.778
Tekjutrygging	92.441	0	0	2.465.093	205.424
Heimilisuppbót	27.242	0	0	2.465.339	205.445
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir					
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir /grunnlífeyrir	29.294	2.575.220	214.602	3.981.332	331.778
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	29.294	2.575.220	214.602	3.981.332	331.778
Tekjutrygging	93.809	0	0	2.501.573	208.464
Heimilisuppbót	27.242	0	0	2.501.178	208.432
Annað					
Framfærsluviðmið*1 þýr ekki einn	157.030				
Framfærsluviðmið*1 þýr einn með heimilisuppbót	184.140				
Örorkustyrkur (16 til 61 árs)	21.657	2.575.220	214.602	3.979.998	331.667
Örorkustyrkur (62 til 66 ára)	29.294	2.575.220	214.602	3.981.332	331.778
Uppbót á lífeyri*2 - 5 til 140% af lífeyri				2.400.000	200.000
Uppbót v/reksturs bifreiðar	10.828				
Vasapeningar	41.895	0	0	773.446	64.454

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. **töflu 3**.

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Frádráttur
Ellilífeyrir, örorku- og endurhæfingarlífeyrir (lífeyrir)	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	45%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	20%
Heimilisuppbót ellilífeyrisþega	13,26%
Heimilisuppbót örorkulífeyrisþega	13,07%
Vasapeningar	65%

Tekjur maka, aðrar en fjármagnstekjur sem eru alltaf sameiginlegar, hafa ekki áhrif á réttindi almannatrygginga. Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig.

*1 **Framfærsluviðmið (Sérstök uppbót til framfærslu):** Ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir framfærsluviðmiði er það sem upp á vantar greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Uppbót á lífeyri*2 hefur ekki áhrif á sérstaka uppbót til framfærslu.

*2 **Uppbót á lífeyri** getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning.